




Úr aðalskipulagi Ólafsvíkur

Brekkan í Ólafsvík, deiliskipulag fyrir breytingu

**Skilmálar.**

Gengið var frá deiliskipulagi fyrir Brekkuna í Ólafsvík í júní 2005 og óverulegri breytingu á deiliskipulaginu í nóvember 2006. Nú er sótt um eftirtaldar breytingar á deiliskipulagssvæðisinu.

- Byggingarreitum á Miðbrekku 9-11 og 13-15 er hliðrað.
- Við gatnahönnun er götum á neðri hluta svæðisins hliðrað og snúningshausum breytt.
- Óskað er eftir fækkun einbýlishúsa úr 15 í 12, m.a. vegna hliðrunar aðalgötunnar neðst á svæðinu. Fækkað er um 1 hús í hverjum botnlanga. Lóðarmörkum og byggingarreitum er hliðrað í samræmi við þá breytingu.
- Þegar hefur verið reist fjölbýlishús við Fossabrekku 21. Sótt er um að reisa sambærilegt fjölbýlishús sunnan þess. Byggingarreitur er 50x10 m. Hæsti punktur hússins má vera allt að 6.5 m yfir aðalgólfi 1. hæðar. Vegna lægðar í landinu er heimilt að gera ráð fyrir kjallara undir suður enda hússins. Nýtingarhlutfall á fjölbýlishúsalóðinni má vera allt að 0.6.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir skipulagssvæðið. Fjölbýlishúsið er við suðurmörk svæðis sem skilgreint er sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi Ólafsvíkur og er ekki gert ráð fyrir byggð sunnan þess.

**Umhverfisáhrif áætlunar.**

Umhverfisáhrif áætlunar eru staðbundin. Fækkun einbýlishúsa dregur úr jarðraski á svæðinu og fjölbýlishúsið er á svæði sem hefur verið raskað nú þegar. Vegur og fylling við fjölbýlishús kalla á allt að 2.440 m³ fyllingu. Það efni verður að litlu leyti tekið úr baklóð hússins og að mestu úr grunni hússins. Við allar framkvæmdir skal gæta fyllstu tillitssemi við umhverfið. Við hönnun íbúða skal hafa í huga stórbrotið útisýni að fossi og sjó.






Brekkan í Ólafsvík, deiliskipulag eftir breytingu

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. frá 21.04.2010 til 02.06.2010 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 4. apríl 2010.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í b deild stjórnartíðinda hinn

**Brekkan í Ólafsvík, deiliskipulagsbreyting 1:1000. Blað nr. 1.**

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husk@husk.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. Dags.29.03.2010.
Sverrir Ásgeirsson hönnuður FVI
Br. 03.08.2010 vegna aths. Skipulagsst.